



Öflugur framhaldsskóli  
á Vestfirðum

**Menntaskólinn á Ísafirði**

# **Skýrsla um innra mat skólaárið 2019-2020**

**12. nóvember 2020 / Matsteymi um innra mat tók saman**

## Efnisyfirlit

Matssamantekt.....	4
Inngangur .....	6
Hlutverk, markmið og stefna.....	7
Innra mat Menntaskólans á Ísafirði.....	7
Innra mat skólaárið 2019-2020 .....	7
Yfirlit yfir matsverkefni skólaárið 2019-2020 .....	8
Nýnemakönnun.....	9
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	9
Aðferð við gagnaöflun .....	9
Niðurstöður .....	9
Tillögur um umbætur .....	9
Þjónustukönnun .....	10
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	10
Aðferð við gagnaöflun .....	10
Niðurstöður .....	10
Samantekin niðurstaða: .....	18
Tillögur um umbætur .....	18
Skólamálaþing .....	19
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	19
Aðferð við gagnaöflun .....	19
Niðurstöður .....	20
Tillögur um umbætur .....	21
Kennslukönnun haust 2019.....	22
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	22
Aðferð við gagnaöflun .....	22
Niðurstöður .....	23
Tillögur um umbætur .....	23
Kennslukönnun vor 2020.....	24
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	24
Aðferð við gagnaöflun .....	24
Niðurstöður .....	26
Tillögur um umbætur .....	27
Stofnun ársins.....	28
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	28
Aðferð við gagnaöflun .....	28

Niðurstöður .....	28
Tillögur um umbætur .....	29
Tölulegar upplýsingar .....	30
Viðmið / væntingar um niðurstöðu.....	30
Aðferð við gagnaöflun .....	30
Niðurstöður .....	30
Tillögur um umbætur .....	31
Lokaorð.....	31
Heimildir .....	32

## Matssamantekt

### Nýnemakönnun

**Matsspurning:** Hvað er viðhorf nýnema til skólastarfsins?

**Aðferð:** Viðhorfakönnun lögð fyrir alla nýnema.

**Helstu niðurstöður:** Meirihluti nýnema (rúmlega 2/3) líður vel í skólanum. Nemendur verja töluverðum tíma í sínum/tölvum. Þjálfar þarf nemendur enn betur í notkun samskiptavefja skólans, moodle og Innu.

**Tillögur að umbótum:** Kanna þarf enn frekar líðan nýnema í skólanum og greina ástæður þess að tæplega 30% nemenda líður illa eða hvorki vel né illa. Allir kennarar þurfa að þjálfar nýnemana í Moodle og Innu.

### Þjónustukönnun

**Matsspurning:** Hvað er viðhorf nemenda MÍ til þjónustu og húsnæðisaðstæðna við skólann?

**Aðferð:** Rafræn könnun

**Helstu niðurstöður:** Langflestir nemendur MÍ eru ánægðir hvað varðar þjónustu og húsnæðisaðstæður skólans. Greinileg óánægja kom fram við salernisaðstæður í skólanum, mat í mötuneyti og lánstölvur.

**Tillögur að umbótum:** Bæta hreinlæti á salernum, breyta matarframboði í mötuneyti og uppfæra lánstölvur.

### Skólamálaþing

**Matsspurning:** Hvernig er hægt að auka gæði kennslunnar og bæta vellíðan innan skólans?

**Aðferð:** Nemendur og kennarar settust saman í hópum og skrifuðu niður tillögur til að bæta nám, námsmat og umhverfi í MÍ.

**Helstu niðurstöður:** Kennslan þarf að vera sveigjanlegri, fjölbreyttari og nútímalegri; skapa ró og næði til að vinna á bókasafni; mötuneyti þarf að bæta matarframboð; bæta þarf aðstöðu fyrir nemendur til að borða (ekki bara hádegismat); meiri tenging við samfélagið og innan skólans; endurnýja húsgögn og gera skólahúsnæðið og umhverfið fallegra; hafa gott vatn til að drekka; laga salerni; setja píanó í sérrými.

**Tillögur að umbótum:** Byrja skóladaginn seinna; nemendur þurfa ekki að mæta í allar kennslustundir heldur geta stundum tekið þátt í gegnum tölvur; færri kjötrétti og meiri ávexti í mötuneyti; setja upp vatnsvélar; laga salerni á neðri hæð; útbúa geymslurými fyrir píanó.

## Kennslukannanir haust 2019 og vor 2020

**Matsspurning:** Hvað gengur vel í kennslu hjá hverjum og einum kennara og hvað má bæta?

**Aðferð:** Rafræn könnun.

**Helstu niðurstöður:** Langflestir nemendur voru mjög ánægðir með sína kennara, bæði á haustönn 2019 og vorönn 2020. Meirihluti dagskólanema (76,2%) svaraði í kennslukönnun vorið 2020 að þeim hefði gengið vel að aðlagast fjarnámi í skólalokun vegna samkomubanns.

**Tillögur að umbótum:** Matsteymið vann ekki sérstaklega úr svörunum heldur bárust þau beint til kennara auk þess sem stjórnendur fengu aðgang að þessum gögnum. Ábendingar um umbætur eru mjög einstaklingsbundnar og hver kennari þarf að vinna úr þeim.

## Stofnun ársins

**Matsspurning:** Hvernig er starfsandi og starfsumhverfi MÍ?

**Aðferð:** Rafræn könnun á vegum Gallup.

**Helstu niðurstöður:** Ánægja er innan MÍ með hlutfall kynja í ábyrgðarstöðum og jafnrétti kynja. Auk þess eru flestir ánægðir með matar- og kaffiaðstöðu og starfsfólk telur sig koma vel saman við samstarfsfólk sitt. Óánægja er með launakjör og ákveðin atriði varðandi húsnæði skólans (loftgæði, hljóðvist, lýsing).

**Tillögur að umbótum:** Þrjár af fimm lægstu einkunnum stofnunarinnar snúast um óánægju við húsnæði skólans (loftgæði, hljóðvist, lýsing). Hér þarf að athuga hvaða ráðstafanir eða framkvæmdir geta bætt úr því. Tvær af fimm lægstu einkunnum snúast um launakjör. Skólastjórnendur þurfa að skoða þetta nánar.

## Tölulegar upplýsingar - brottfall

**Matsspurning:** Hver er brottfallsprósenta 2019-2020?

**Aðferð:** Unnið úr upplýsingum úr INNU

**Helstu niðurstöður:** Brottfall á haustönn 2019 var 8,32 og á vorönn 2020 var það 9,94.

**Tillögur að umbótum:** Ef viðmið um brottfall undir 5% sem sett eru fram sem eitt af markmiðum skólans í stefnuskjali ríkisaðila (stefnumiðuð áætlun) til þriggja ára sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 á að nást, þarf að leggja fram sértækar tillögur til að lækka brottfall við skólann.

## Inngangur

Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður 3. október 1970 sem bóknámsskóli með hefðbundnu bekkjarkerfi. Skólinn tók á sig núverandi mynd um 1990 þegar Menntaskólinn, Iðnskóli Ísafjarðar (stofnaður 1905) og húsmæðraskólinn Ósk (stofnaður 1912) sameinuðust í einn skóla sem þar með tók upp kennslu í ýmsum verknámsgreinum auk bóknáms til stúdentsprófs. Árið 1995 var gerður samningur við sveitarfélögin á Vestfjörðum um stofnun Framhaldsskóla Vestfjarða og var skólinn starfræktur undir því heiti til ársins 2000 af samþykkt var að færa nafn hans til fyrra horfs. Menntaskólinn á Ísafirði hefur því endurheimt sitt upprunalega heiti, þó að starfsemi hans hafi mikið breyst frá því hann var stofnaður. Hann er nú fjölbrautarskóli með áfangakerfi þar sem boðið er upp á framhaldsskólabraut, lista- og nýsköpunarbraut, iðnnám, starfsbrautir og bóknám til stúdentsprófs. Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur er starfrækt við skólann.

	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Nemendur – alls	431	462
Kennarar	29	29
Brottfall	8,32	9,94
Brautskráðir	14	41

Tafla 1: Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Ísafirði

## Hlutverk, markmið og stefna

Menntaskólinn á Ísafirði er fjölbrautarskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er hlutverk framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám, efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugar þekkingarleitar.

Menntaskólinn á Ísafirði leitast við að bjóða upp á fjölbreytt nám þar sem bæði er tekið mið af þörfum einstaklings og samfélagsins. Skólinn á í samstarfi við Fjarmentaskólann til að auka fjölbreytni náms.

Markmið skólans og áhersluatriði hafa verið sett fram í viðauka við skólasamning fyrir 2015-2019 þar sem m.a. er kveðið á um:

- Að hlutfall nýnema af Norðanverðum Vestfjörðum haldist áfram hátt á samningstímanum og fari ekki undir 92%. Þessu markmiði verið náð með:
  - Skipulögðum heimsóknum grunnskólanna á svæðinu í MÍ á vorönn
- Að brotthvarf nemenda úr skólanum haldist áfram lágt og fari ekki upp fyrir 5% miðað við fjölda skráðra námseininga 15. október og 15. febrúar hvort ár. Þessu markmiði verði nám með því að:
  - sinna áfram markvissri námsráðgjöf og að í nær öllum áföngum verði leiðsagnarmat í kennslu
- Að vinna að auknum gæðum kennslu með því að stuðla að umræðu og samvinnu um bættu kennsluhætti og námsmat. Starfsdagur, kennarafundir og reglulegir fundir á fimmtudögum verði nýttir til þessarar vinnu.

## Innra mat Menntaskólans á Ísafirði

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 kveða á um skyldur framhaldsskóla til að vinna að innra mati, og birta hagsmunaaðilum niðurstöður mats. Innra mat Menntaskólans á Ísafirði fer fram í samræmi við stefnu skólans um innra mat og útgefna áætlun um innra mat.

## Innra mat skólaárið 2019-2020

Í matsteymi um innra mat á haustönn 2019 sátu:

Andrea Sigrún Harðardóttir kennari  
Guðjón Torfi Sigurðsson kennari  
Heiðrún Tryggvadóttir áfangastjóri  
Stefan Gunther kennari

Í matsteymi um innra mat á vorönn 2020 sátu:

Andrea Sigrún Harðardóttir kennari og umsjónarmaður fjarnáms  
Dóróthea Margrét Einarsdóttir kennari  
Guðjón Torfi Sigurðsson kennari  
Stefan Gunther kennari

## Yfirlit yfir matsverkefni skólaárið 2019-2020

Innra mat fór fram við skólann skólaárið 2019-2020 í samræmi við framhaldsskólalög og var unnið af matsteymi um innra mat. Teymið undirbjó starf vetrarins og gerði áætlun um innra mat fyrir skólaárið 2019-2020.

Skólaárið 2019-2020 vann matsteymi um innra mat að eftirfarandi matsverkefnum:

### Haustönn 2019

Viðfangsefni mats	Tímabil	Ábyrgð
Kennslukannanir/áfangakannanir	1.-10. desember	Guðjón Torfi Sigurðsson
Mæting	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Námsmat	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Brotthvarf	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Stjórnunar- og þjónustukönnun	Október	Stefan Gunther
Nemendaping	Nóvember	Heiðrún Tryggvadóttir
Nýnemakönnun	Byrjun desember	Andrea S. Harðardóttir

### Vorönn 2020

Viðfangsefni mats	Tímabil	Ábyrgð
Kennslukannanir/áfangakannanir	1.-10. maí	Guðjón Torfi Sigurðsson
Mæting	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Námsmat	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Brottfall	Yfir alla önnina	Heiðrún Tryggvadóttir
Stofnun ársins	Maí	Stefan Gunther

## Nýnemakönnun

### Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Tilgangur könnunarinnar var að fá upplýsingar um upplifun nemenda á fyrsta ári af móttöku í skólanum í upphafi annar, viðhorfum til heimanáms auk afstöðu og upplifunar til ýmissa þátta skólastarfsins.

### Aðferð við gagnaöflun

Könnun var lögð fyrir nemendur, fædda 2003, sem hófu nám í Menntaskólanum á Ísafirði haustið 2019. Könnunin var lögð fyrir í tveimur hópum í náms- og starfsfræðslu, NÁSS1NN03. 31 nemandi svaraði könnuninni, svarhlutfall var 35,5% strákar og 61,3% stelpur, 3,2% skilgreindu sig sem annað.

### Niðurstöður

Nýnemar eru almennt sáttir við veru sína í skólanum og skipulag. Hins vegar telja þeir álagið nokkuð. Má vera að aðrar áherslur á nýju skólastigi skýri það. Einnig vinnur u.þ.b. helmingur með skóla og stór hluti sinni íþróttum, listnámi eða starfi með björgunarsveit meðfram skólanum.

Nemendur verja töluverðum tíma í sínum/tölvum. Sá annmarki var á spurningunni að nemendur voru ekki beðnir um að gera greinarmun á því hversu stór hluti tímans færi í nám eða hversu stór hluti í afþreyingu. Samt sem áður er vert að kanna nánar hvort tækin dreifi athygli nemenda of mikið frá námi og hvort leita megi leiða til að virkja notkun fyrrgreindra tækja enn frekar í þágu námsins.

Þjálfar þarf nemendur enn betur í notkun samskiptavefja skólans, moodle og Innu. Hvetja þarf alla kennara til að sameinast um þá þjálfun fyrstu önnina. Einnig leggja áherslu á að forráðamenn kynni sér efni þessara vefja.

Tæplega 30% nemenda segja að sér líði illa eða hvorki vel né illa í skólanum.

### Tillögur um umbætur

Kanna þarf enn frekar líðan nýnemenda í skólanum og greina ástæður þess að tæplega 30% nemenda líður illa eða hvorki vel né illa.

Í upphafi annar þarf að gera öllum kennurum ljóst, mikilvægi þess að þjálfun í moodle og Innu sé samstarfsverkefni sem allir sem að kennslu nýnema koma, þurfa að koma að. Samræmd uppsetning á moodle skiptir máli til að auðvelda nemendum skilning á virkni og uppsetningu vefsins.

## Þjónustukönnun

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Sjálfsmatnefndin vildi kanna viðhorf nemenda til þjónustu og húsnæðisaðstæðna við skólann til að bæta úr því sem getur farið betur.

Aðferð við gagnaöflun


Allir dagskólanemar MÍ áttu á haustönn 2019 að svara könnun í gegnum kennslumhverfið Moodle. Nemendurnir fengu tölvupóst frá áfangastjóranum og kennarar áttu að sjá um framkvæmd könnunarinnar.

Þjónustukönnun samanstóð af 20 spurningum.

Af 174 dagskólanemum sem voru í námi á haustönn 2019 svöruðu 107 nemendur þessari þjónustukönnun. Þar með var svarhlutfall 61,5%.


Niðurstöður

Svörin í þjónustukönnun á haustönn 2019 voru eftirfarandi:




## 2.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót náms- og starfsráðgjafa MÍ?

107 svör




## 3.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót ritara?

107 svör




## 4.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót skólameistara?

107 svör




## 5.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót aðstoðarskólameistara?

107 svör




6.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót áfangastjóra?

107 svör




7.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót fjármálastjóra?

107 svör




8.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót vistarvarða?

107 svör




9.a) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót húsvardar?

107 svör




10.a) Hversu oft ertu á bókasafni MÍ?

107 svör




10.b) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót bókasafnsvarðar?

107 svör




11.a) Hversu oft ertu í Gryfjunni í friminútum eða þegar þú ert í eyðu?

107 svör



12.a) Leigir þú skáp í anddyri skólans?


107 svör



- Já
- Ég gerði það einhvern tíma, en ekki lengur.
- Ég hef aldrei leigt skáp í anddyri skólans.

13.a) Hversu ánægð/ur ertu með bilastæði skólans?


107 svör



- Mjög ánægð/ur
- Nokkuð ánægð/ur
- Nokkuð óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur
- Ég kem ekki á bíl í skólann.

14.a) Hversu ánægð/ur ertu með reiðhjóláæðstæður skólans?


107 svör



- Mjög ánægð/ur
- Nokkuð ánægð/ur
- Nokkuð óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur
- Ég kem ekki á reiðhjól í skólann.

15.a) Hversu ánægð/ur ertu með salerni skólans?


107 svör



- Mjög ánægð/ur
- Nokkuð ánægð/ur
- Nokkuð óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur
- Ég fer ekki á salerni skólans.


16.a) Hversu oft í viku borðar þú að meðaltali í mötuneyti skólans?

107 svör




16.b) Hversu ánægð/ur ertu með viðmót starfsfólks í mötuneyti skólans?

107 svör




16.c) Hversu ánægð/ur ertu með matinn í mötuneyti skólans?

107 svör




17.a) Heimasíða skólans er vel skipulögð.

107 svör




18.a) Hversu oft fylgist þú með Facebook síðu skólans?

107 svör




19.a) Hversu oft notar þú lánstölvur skólans?

107 svör




19.b) Það er auðvelt að fá lánstölvu þegar þú þarft á því að halda.

107 svör



19.c) Hversu ánægð/ur ertu með lánstölvur skólans?

107 svör



Síðasta spurningin (númer 20) var almenn spurning:

20) ... og að lokum: Viltu bæta einhverju við sem hefur ekki komið fram í spurningunum hér að ofan?

Gagnleg svör við spurningu 20 voru:

Fleiri klúbba og áfanga í list. Hjálp við umsóknir á skólum. Kennaraviðtöl líka á 2 og 3 ári. Morgunmatur.

Hvernig getur maður fengið þátttöku í ungmenna starfi metna. Svo er smá skritið einingakerfið og hvernig það virkar með hvað maður getur fengið metið og hvað ekki

Eg komst að því að það er sltt bara frekar gott við þennan skola eeeen þið þurfið aðeins að auglysa betur og kynna ykkur fyrir nynemun, hef aldrei talað við meira en helminginn að kennurunum

Skemmtilegt herbergi með spil eins og borðstenið eða fithokiki poll til að derpa tíman 😊😊

Ég vill bara endurtaka að fá vatnsvél í gryfjuna. ég held að það myndi hjálpa okkur að vera umhverfisvænni því þá gætu fleiri drukkíð vatn og sleppt því að kaupa sér að drekka í gryfjusjoppunni

Það mætti bæta námstækifæri fyrir tónlistarfólk, það er ekkert hér í skólanum fyrir það, það mætti vera svoleiðisbraut eða kannski braut eins og er fyrir íþróttafólk. Eins og er, er þetta metið sem "hobby utan skóla" sem gefur manni verulega lítinn æfingartíma og þar að auki sér maður ekkert af því metið inn á Innu heldur þannig manni líður eins og maður hafi jafnvel mátt verið að gera ekki neitt. Einnig mættu vera fullt af klúbbum og þessvegna boðið upp á japönsku kennslu eða rússnensku eða einhvað fun:)

Vantar B-nám í vélstjórn

Það er engin aðstaða fyrir þá sem koma með nesti til að matast í þessum skóla. Stjórnin hefur tekið skýra afstöðu gegn því að nemendur megi matast í mötuneytissal skólans, sem mér finnst alveg absúrd og öllum þeim sem ég hef talað við um þetta utan veggja skólans. Við höfum ekki aðgang að góðu vatni, engin aðstaða til að skola ílát til flokkunar, hnífapör eru ekki til staðar og fyrir utan allt þetta getur verið mjög óþægilegt að matast á sama stað og maður lærir. Mér finnst þetta óboðlegt og mér þykir það miður að skólinn hafi ekki samþykkt beiðni hagsmunaráðsins um breytingu á þessu. Maður spyr sig hvort að skólinn sé sekur um tókenisma, þar sem að það var ekkert tekið mark á hagsmunaráðinu og erindið þeirra hafnað með litlum rökum og svarið leit út eins og að þið höfðuð bara ekkert lesið erindið sem var sent inn. Mér þótti það mjög leiðinlegt að sjá af því að fram að þessu hefur mér fundist skólastjórnin verið mjög næs og almennileg í samskiptum við nemendur, það er eins og að þetta ákveðna mál kveiki eitthvað bál í brjósti ykkar. Ég vona innilega að þið endurskoðið þessa ákvörðun því þetta ýtir undir ójöfnuð milli nemenda vegna þess að ekki hafa allir efni á því að borða í mötuneytinu og er þeim því neitað um grunnaðstöðu til að matast vegna þess. Það er allt hægt, og smá breyting á fyrirkomu lagi mötuneytisins er ekkert sem er óyfyrstíganlegt, við erum öll á sama bát, þóssum samskiptin, komið fram við hagsmunaraðið með jafn mikilli viðringu og aðrar nefndir í þessum skóla.

Það vantar kaffivél í sjoppuna

### Samantekin niðurstaða:

- Stór meirihluti nemenda er mjög ánægður eða nokkuð ánægður með viðmót starfsmanna skólans (utan kennara sem var ekki spurt um hér).
- Í ljós kom í þessari könnun að bara u.þ.b. þriðjungur nemenda notar bókasafnið.
- U.þ.b. 60% nemenda borðar annaðhvort aldrei eða bara nokkrum sinnum á önn í mötuneyti skólans.
- Bara u.þ.b. 12% nemenda notar Facebook síðu skólans mjög oft eða oft.
- Það eru þrjú atriði sem skera sig úr hvað varðar nemendur sem eru nokkuð óánægðir eða mjög óánægðir – þetta eru salernisaðstæður í skólanum, svo matur í mötuneyti og lánstölvur.

### Tillögur um umbætur

Athuga þarf hvernig hægt er að nota betur þetta rými þar sem bókasafnið er.

Það þarf örugglega að nota aðrar leiðir (eins og hefur verið gert hingað til) en Facebook síðu skólans til að upplýsa nemendur um atburði í skólanum.

Hreinlæti í salernum þarf að bæta. Betur þarf að kanna hverskonar matur, en samt hollur matur er vinsæll hjá nemendum okkar svo að fleiri nota mötuneyti skólans. Lánstölvur skólans eru orðnar mjög hægar; hér þarf að kanna hvernig er best að laga það.

Til að ná betri þátttöku í könnunum eins og þessari og öðrum hjá okkur í skóla þurfa næst allir kennarar í sínum áföngum ekki bara að minna nemendurnar á þessa könnun heldur líka að gefa nemendum u.þ.b. tíu mínútur af kennslutíma í einhverri kennslustund til að opna þessa könnun og svara spurningunum þar. Kennararnir verða að sjá þetta sem hluta af vinnu sinni og þurfa að gera þetta betur. Sjálfsmatsnefnd þarf líka að auglýsa könnunum eins og þessari betur í framtíðinni.

## Skólamálaþing

**Skólamálaþing í nóvember 2019**  
28. Nov 2019 at Menntaskólinn á Ísafirði · Aðgangur: Opio · Fá tilkynningar

Nemendur og starfsfólk settust saman á rökstóla og ræddu um leiðir til að bættu námi, námsmati og umhverfi í MÍ



Sjá fleiri myndir

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Allir dagskólanemar og kennarar skólans áttu að taka þátt í þessu skólamálaþingi á haustönn 2019. Markmið var að fá ábendingar annarsvegar um nám í MÍ til að auka gæði kennslunnar og hinsvegar um skólahúsnæði og aðstæður til að bæta vellíðan innan skólans.

Aðferð við gagnaöflun



Þann 28. nóvember 2019 hittust allir nemendur og kennarar skólans í Gryfjunni á neðri hæð skólans á skólamálaþing. Það fór fram í þremur liðum.

Í fyrsta liði sátu allir nemendur í 12 litlum hópum (6-8 nemendur) saman og svöruðu spurningunni „Hvað getur þú gert sem nemandi til að stuðla að því að nám fari fram?“. Svörin voru skrifuð á litla límmiða sem voru raðað eftir efnisatriðum og svo sett á pappaveggspjöld. Í þessu fyrsta liði voru kennararnir ekki með.

Í næsta liði sátu nemendur aftur í 12 litlum hópum, og kennarar voru núna með en sátu sér fyrir sig í tveimur hópum þannig að hóparnir voru 14 í heild. Allir – bæði nemendur og kennarar – þurftu að svara spurningunni „Hvernig á námsmat að vera?“. Aftur voru svörin skrifuð á litla límmiða, raðað eftir efnisatriðum og límdir á pappaveggspjöld.

Í þriðja liði bættust tveir til þrjú kennarar við hvern nemendahóp svo að kennarar og nemendur unnu núna saman í 12 hópum. Allir hópar áttu að safna hugmyndum til að bæta námi, námsmati og umhverfi. Eins og í fyrstu tveimur liðum voru einu sinni enn límmiðar notaðir til að safna hugmyndunum, flokka þeim eftir efnisatriðum og setja á pappaveggspjöld.

Þegar skólamálaþingið var búið voru veggspjöldin með límmiðunum hengd upp í skólanum fyrir alla að skoða.

### Niðurstöður

Á skólamálaþingi komu margar hugmyndir fram varðandi nám, námsmat og umhverfi hvernig hægt sé að gera Menntaskólann á Ísafirði að enn þá öflugri skóla. Það var mjög ánægjulegt að sjá hversu virkir nemendurnir og líka kennarar tóku þátt í þessum viðburði. Svörin voru fjölbreytt:

- skýrara og persónulegra lotumat,
- bætt skipulag inni á Moodle,
- ólíkar skoðanir komu fram um vægi mætingar í námsmati – sumir hópar vildu láta hana gilda meira en hún gerir en aðrir vildu hana út,
- ábendingar um námsmat voru mismunandi – rætt var um að horfa ætti meira á frammistöðu í námi en mætingu,
- dreifa lokaverkefnum betur yfir önnina,
- sanngjarnt og hvetjandi námsmat,
- fjölbreyttara framboð á áföngum, ekki síst verklegum og skapandi, sem byggja á fjölmiðlalæsi og fjármálalæsi,
- þægilegri aðstaða á bókasafni, meiri vinnufriður þar og lengri opnunartími,
- kynjalaus klósett á neðri hæð,
- betri aðgangur að köldu vatni,
- sameiginlegt rými yrði þægilegra fyrir nemendur.

## Tillögur um umbætur

Út frá svörunum á skólamálaþingi á haustönn var ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi þætti á vorönn:

- kynjalausar salernisaðstöður á neðri hæð með aðgangi að túrtöppum og dömubindum,
- setja upp vaska í sameiginlegu rými til að auðvelda nemendum aðgang að vatni,
- bæta félagsaðstöðu í sameiginlegu rými og leggja enn frekari áherslu á flokkun.

Vegna samkomubanns í tengslum við Covid-19 hefur ekki gefist tækifæri til að ákveða næstu umbótaþætti út frá tillögum skólamálaþings 2019.

## Kennslukönnun haust 2019

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Allir nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, áttu að svara þessari kennslukönnun á haustönn 2019. Markmið var að finna út hvað gengi vel og líka að fá ábendingar hvað þarf að gera betur í kennslu hvers kennarans. Niðurstöðurnar áttu að auka gæði kennslunnar við MÍ.

Aðferð við gagnaöflun

Nemendurnir fóru inn í Moodle til að svara þessari nafnlausu könnun. Hún samanstóð af fimm liðum: Fyrst valdi hver þátttakandi áfangann sinn, næst hvort hann er dagskóla- eða fjarnemi, svo þurfti að svara þremur opnum spurningum eins og sést hér fyrir neðan.

### Kennslukönnun - haust 2019

Lýsing eyðublaðs

Veldu áfanga

Valkostur 1

Ertu í dagskóla eða fjarnámi? \*

Dagskóla

Fjarnámi

Hvað líkar þér best í áfanganum og af hverju?

Langur svartexti

Hvað má bæta og af hverju?

Langur svartexti

Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Langur svartexti

## Niðurstöður

Yfirgnæfandi meirihluti nemenda var mjög ánægður með kennara sína og kennsluna.

Spurningarnar í þessari kennslukönnun voru opnar spurningar. Svörin voru of einstaklingsbundin svo að sjálfsmatsnefndin vann ekki sérstaklega úr svörunum; það átti hver kennari að gera fyrir sig. Auk þess er þessi könnun ætluð fyrir stjórnendur til að skoða ákveðna þætti í starfi skólans og líka til að nota í starfsmannaviðtölum.

## Tillögur um umbætur

Eitt sem þarf að nefna í þessu samhengi að ekki allir kennarar voru jafn duglegir að sjá um framkvæmd kennslukönnunnar í sínum áföngum. Þess vegna var svarhlutfall mjög misjafnt eftir kennurum og áföngum. Næst þarf annaðhvort að gefa nemendum og kennurum meiri tíma eða auglýsa þessari könnun betur svo að fleiri nemendur svara henni utan kennslu án aðkomu kennara.

## Kennslukönnun vor 2020

Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Allir nemendur skólans, bæði í dagskóla og í fjarnámi, áttu að svara þessari kennslukönnun á vorönn 2020. Í þetta skipti var markmiðið ekki einungis að finna út hvað gengi vel og að fá ábendingar um hvað þyrfti að gera betur í kennslu hvers kennarans. Núna var líka kannað hvernig dagskólanemum liði í heimanámi á meðan samkomubann var í gildi vegna Covid 19 faraldursins.

Aðferð við gagnaöflun

Þessi nafnlaus kennslukönnun var búin til í google docs. Kennararnir settu slóð inn í Moodle til að svara henni og nemendurnir fengu sjö daga (20.-27. apríl 2020) til þess.

Þessari kennslukönnun var skipt niður í tvær síður í google docs. Fyrri síðan var eins fyrir fjarnema og dagskólanema, en seinni síðan var mismunandi fyrir þessa tvo nemendahópa.

Fyrri síðan leit út þannig:

### Kennslukönnun - vor 2020

\* Áskilið

Veldu áfanga

Valkostur 1

Valkostur 2

Hvað líkar þér best í áfanganum og af hverju?

Svarið þitt

Hvað má bæta og af hverju?

Svarið þitt

Ertu í dagskóla eða fjarnámi? \*

Dagskóla

Fjarnámi

Áfram

Ef í síðustu spurningu á fyrri síðunni var smellt á „Dagskóla“ og svo neðst á „Áfram“ birtist þessi síða:

## Kennslukönnun - vor 2020

Að lokum

Hvernig gengur þér að aðlagast fjarnámi eftir að samkomubann tók gildi?

Svarið þitt

Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Svarið þitt

[Til baka](#) [Senda inn](#)

Ef í síðustu spurningu á fyrri síðunni var smellt á „Fjarnámi“ og svo neðst á „Áfram“ birtist þessi síða:

## Kennslukönnun - vor 2020

Að lokum

Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Svarið þitt

[Til baka](#) [Senda inn](#)

## Niðurstöður

Langflestir nemendur voru ánægðir með kennara sína. Enginn áfangi og þar með enginn kennari sker sig úr hvað það varðar.

Þessi könnun var í þetta skipti líka samin til að finna út hvernig nemendum MÍ gengur í samkomubanni. Hér fyrir neðan er samantekt um svörin úr þessum hluta.

kennarar	gengur vel í samkomubanni	gengur ekki vel í samkomubanni
01	6	0
02	5	2
03	3	1
04	4	2
05	1	1
06	8	1
07	8	5
08	13	1
09	4	2
10	1	1
11	5	3
12	0	1
13	10	5
14	2	0
15	7	1
16	23	4
17	8	3
18	8	4
19	7	3
20	18	4
21	6	0
22	0	2
<b>Σ</b>	<b>147 (= 76,2%)</b>	<b>46 (23,8%)</b>

**Tafla 2: Samantekt svara úr kennslukönnun þar sem kannað var hvernig nemendum gekk í samkomubanni**

Varðandi þessar tölur þarf að hafa í huga að í þessari spurningu var enginn skali til að velja (t.d.: gengur mjög vel – gengur vel – gengur illa – gengur mjög illa) heldur þetta var opin spurning. Aðferðin sem var notuð hér til að finna þessar tölur var að svörin voru skoðuð og ef

skýrt kom fram í orðalaginu hvort gengi hafði vel eða illa í námi í samkomubanni var þetta svar talið með fyrir þennan lista að ofan. Það þýðir að í öllum 22 könnunum sem eru taldar upp í listanum hér voru fleiri svör við þessa spurningu. Samt var svarhlutfall mjög misjafnt eftir kennurum sem er mikilvægur punktur í þessu samhengi. Það gæti nefnilega verið að svo miklu fleiri nemendum gekk vel í samkomubanni í þessari könnun af því að þeir óvirku nemendur sem unnu illa í fjarnámi tóku kannski ekki heldur þátt í þessari kennslukönnun.

Eins og spurningin um Covid 19 voru allar hinar spurningarnar í þessari könnun líka opnar spurningar. Sjálfsmatsnefndin vinnur ekki frekar úr þessum svörum heldur eru þau skoðuð af hverjum kennara fyrir sig til að bæta sig. Skólastjórn MÍ fékk afrit af öllum svörum til að vinna úr þeim eftir þörfum.

### Tillögur um umbætur

Í heild komu fram fáar tillögur um umbætur, og þessar tillögur eru einstaklingsmiðaðar í hvert skipti fyrir einn kennara eða áfanga.

Ein ábending sem gildir frekar almennt er: Einhverjum nemendum fannst of mikið eða ruglandi að samskipti við kennarann eða kennslan fer fram í gegnum bæði Teams og Moodle og að upplýsingar og námsefni eru á þessum tveimur stöðum. Við þurfum að ræða og ákveða í MÍ hvernig við viljum skipuleggja samskipti og kennslu á netinu.

## Stofnun ársins

### Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Könnunin Stofnun ársins metur starfsanda og starfsumhverfi stofnana, og nota má niðurstöður könnunarinnar til að skoða hvernig þessir þættir stofnunarinnar eru metnir í samanburði við aðrar stofnanir.

### Aðferð við gagnaöflun

Starfsmönnum sem voru í a.m.k. 50% starfi við MÍ, og höfðu starfað við skólann í fjóra mánuði eða lengur þegar könnunin var lögð fyrir, var boðið að taka þátt í könnuninni. Starfsmennirnir fengu tölvupóst frá Gallup með slóð til á könnunina.

### Niðurstöður

Svarhlutfall starfsmanna MÍ var 54% (var 83% árið 2019). MÍ var í 25. sæti (19. sæti 2019) af 41 stofnun sem skilgreind er sem meðalstórar stofnanir (stofnanir með 20 til 49 starfsmenn).<sup>1</sup>

Í töflunni hér fyrir neðan eru teknir saman þættir sem eru metnir í Stofnun ársins. Að baki hverjum þætti liggja nokkur atriði sem metin eru á 5-punkta kvarða. Hver stofnun fær einkunn fyrir hvern þátt, en einkunnin er meðaltal svaratriða sem mynda þáttinn. Einkunnin er á bilinu 1-5.<sup>2</sup>

Þáttur	Einkunn MÍ (breyting frá 2019)	Stofnanir með 20-49 starfsmenn	Allar stofnanir
Stjórnun	4,23 (+0,02)	4,23	4,10
Starfsandi	4,19 (-0,09)	4,31	4,24
Launakjör	3,51 (+0,04)	3,23	3,08
Vinnuskilyrði	4,00 (+0,00)	4,03	3,92
Sveigjanleiki vinnu	4,11 (+0,01)	4,38	4,26
Sjálfstæði í starfi	4,36 (+0,09)	4,30	4,26
Ímynd stofnunar	4,07 (-0,04)	4,02	3,88
Ánægja og stolt	4,27 (-0,07)	4,33	4,22
Jafnrétti	4,50 (+0,12)	4,34	4,31
Heildareinkunn	4,16 (+0,01)	4,15	4,05

**Tafla 3: Meðaleinkunn MÍ á þáttum sem metnir eru í Stofnun ársins í samanburði við meðaleinkunn annarra stofnana.**

<sup>1</sup> Skýrslan *Stofnun ársins 2020*, Sameyki, bls. 20 ([https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2020-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202020-net%20-%20Copy%20\(2\).pdf](https://www.sameyki.is/library/Kannanir/Stofnun-arsins/2020-Stofnun-arsins/Sameyki-stofnun%20a%cc%81rsins%202020-net%20-%20Copy%20(2).pdf))

<sup>2</sup> *Stofnun ársins 2020, Ítarleg greining, Menntaskólinn á Ísafirði*, bls. 3-4; Gallup

### Fimm hæstu einkunnir stofnunar<sup>3</sup>:

- Á mínum vinnustað eru bæði konur og karlar í ábyrgðarstöðum = 4,85 (+0,53<sup>4</sup>)
- Á mínum vinnustað er skýr stefna um jafnrétti kynja = 4,70 (+0,20)
- Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna = 4,65 (+0,22)
- Mér kemur vel saman við samstarfsfólkið mitt = 4,57 (-0,05)
- Ánægja með matar- og kaffiaðstöðu = 4,50 (+0,47)

### Fimm lægstu einkunnir stofnunar:

- Telur þú vinnuveitenda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum? = 2,89 (+0,07)
- Ánægja með loftgæði = 3,32 (-0,41)
- Ánægja með hljóðvist = 3,63 (-0,13)
- Ánægja með lýsingu = 3,68 (-0,31)
- Ánægja með launakjör = 3,75 (+0,41)

Áberandi er að ánægja með loftgæði skólans skorar núna lágt fimmta árið í röð í könnun Stofnun ársins.

### Tillögur um umbætur

Þrjár af fimm lægstu einkunnum snúast um óánægju við húsnæði skólans (loftgæði, hljóðvist, lýsingu). Hér þarf að finna leiðir til að bæta vinnuaðstæður í MÍ.

Tvær af fimm lægstu einkunnum stofnunar snúast um launakjör. Skólastjórnin ætti að skoða þetta nánar.

Svarhlutfall í MÍ var áberandi lágt (54%) í þetta skipti. Tillaga til að bæta úr því er að næst þurfa allir starfsmenn að mæta með tölvu á starfsmannafund þar sem þeir fá u.þ.b. 10 mínútur til að svara þessari könnun.

---

<sup>3</sup> Stofnun ársins 2020, Ítarleg greining, Menntaskólinn á Ísafirði, bls. 5; Gallup

<sup>4</sup> Tölur í svíga sýna mun á meðaltali stofnunar (MÍ) og meðaltali stofnana í sama stærðarflokki (stofnanir með 20-49 starfsmenn); t.d. „+0,53“ í svigum þýðir að með 4,85 liggur MÍ 0,53 prósentustigum hærra en 4,32 sem er meðaltal stofnana í sama stærðarflokki.

## Tölulegar upplýsingar

### Viðmið / væntingar um niðurstöðu

Stefna skólans hefur undanfarin ár verið að minnka brottfall og er viðmiðið að það haldist undir 5%. Farið hefur verið í ýmsar sértækar aðgerðir til að sporna við brottfalli en einnig hefur námsráðgjöf verið markvisst aukin og reynt að ná til þeirra nemenda sem taldir eru í mestri hættu á að hverfa frá námi eða ná ekki að ljúka þeim einingum sem þau eru skráð í.

### Aðferð við gagnaöflun


Upplýsingar um brottfall eru fengnar úr nemendaumsjónarkerfinu INNU en þar er hægt að kalla fram fjölda eininga sem nemendur eru skráðir í við upphaf hvernar annar og þann einingafjölda sem lokið er. Út frá þeim gögnum er brottfallsprósenta reiknuð fyrir hverja önn.

### Niðurstöður

Brottfallið haustið 2019 var 8,32% og 9,94% vorið 2020. Ljóst er að ekki tókst á skólaárinu 2019-2020 að vera undir þeim viðmiðum um brotthvarf sem stefnt var að. Undanfarin 4 ár (2016-2020) hefur brottfall við skólann verið með eftirfarandi hætti og á aðeins tveimur önnum af átta hefur brottfallsprósentan verið undir, eða alveg við þau 5% viðmiðunarmörk sem stefnt hefur verið að þegar kemur að brottfalli. Í töflu 4 má sjá tölur um brottfall í MÍ s.l. 4 ár og á mynd má sjá brottfallspróunina frá vorönn 2017 til vorannar 2020.

	VOR 2017	HAUST 2017	VOR 2018	HAUST 2018	VOR 2019	HAUST 2019	VOR 2020	HAUST 2020
%	5,2	3,1	8,7	7,3	10,9	8,3	9,94	7,84

Tafla 4: Brottfall í MÍ eftir önnum s.l. fjögur ár.



Mynd 1: Próun brottfalls í MÍ frá vorönn 2017 til haustannar 2020.

## Tillögur um umbætur

Það er nokkuð í land að það náist að halda brottfalli við eða innan þeirra 5% viðmiðunarmarkna sem stefnt hefur verið að. Það er mat teymis um innra mat að leggja þurfi áherslu á aukna umsjón með nemendum og eftirfylgni með námsgengi þeirra. M.a. með skýrari verkferlum varðandi eftirfylgni við lotumati og lokamati og með betri eftirfylgni við mætingar nemenda.

## Lokaorð

Á skólaárinu 2109-2020 var vinna matsteymis í annað sinn unnin samkvæmt því vinnulagi sem kemur fram í gæðaskjölum sem tengjast innra mati skólans og gefin voru út á skólaárinu 2018-2019. Áætlun um innra mat til næstu fjögurra ára hefur verið sett fram.

Skýrsla þessi var ásamt ýmsum gögnum sem gæðaráð undir forystu gæðastjóra lagði fram, lögð til grundvallar í rýni stjórnenda í lok maí 2020. Með því formlega ferli hefur orðið til góður vettvangur til að huga að þeim umbótum sem lagðar eru fram tillögur um hér á eftir.

Tillögur að umbótum	Rökstuðningur (t.d. vísun í niðurstöður viðkomandi matsverkefnis)
Hefja skóladaginn síðar að morgninum.	Á skólamálalagningi haustið 2019 var lögð mikil áhersla á skólastjórnendur skoðuðu þennan möguleika.
Laga salerni á neðri hæð og setja upp vaska í sameiginlegu rými nemenda.	Skv. þjónustukönnun og niðurstöðum skólamálalagninga er brýnt að lagfæra salerni á neðri hæð bóknámshúss, einnig að gera salernin kynjalaus og hafa þar aðgengi að túrtöppum og dömubindum. Einnig kom þar fram að vaskar í sameiginlegu rými séu nauðsynlegir til að hægt sé að skola umbúðir sem eiga að fara í endurvinnslu og einnig til að nemendur hafi betri aðgang að köldu vatni.
Bæta húsgöng í sameiginlegu rými nemenda.	
Moodle hjá öllum kennurum verði vel skipulagt.	Skv. niðurstöðum nýnemakönnunar er Moodle hjá sumum kennurum ekki nógu skipulagt. Tæknihópur verður skipaður sérstaklega til að skoða þetta og leggja línur og aðstoða við betra skipulag á Moodle.
Betri loftgæði.	5. árið í röð koma loftgæði í Stofnun ársins illa út.
Lækka þarf brottfall.	Brottfall skólaárið 2019-2020 var umfram þau 5% viðmiðunarmörk sem skólinn hefur sett sér. Fara þarf í sértækar aðgerðir gegn brottfalli.

## Heimildir

- *Stofnun ársins 2020, Ítarleg greining, Menntaskólinn á Ísafirði*; Gallup
- *Stofnun ársins 2020*, Sameyki. Sótt þann 29. október 2020 af <https://www.sameyki.is/kannanir/stofnun-arsins-2020/>
- *Gæðahandbók MÍ.* (2020). Sótt þann 29. október 2020 af <https://quality.ccq.cloud/publishDocument/zv6o6MqsrfwpbwBbB>
- *Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.* Sótt 29. október 2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>
- *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti.* Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Reykjavík. Sótt 29. október 2020 af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra\\_frsk\\_2\\_utg\\_breyt\\_2015.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnamskra_frsk_2_utg_breyt_2015.pdf)